



ÁRSSKÝRSLA 2023

Tækniminjasafn Austurlands

Desember 2023

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Safnkostur – varðveisla, skráning, grisjun.....	3
Nýtt varðveisluhúsnaði.....	3
Flutningur safnkosts.....	3
Skráning.....	3
Forvarsla kafarabúningsins	4
Viðtöl.....	5
Auðbjörg.....	6
Sýningar og miðlun.....	7
Búðareyri, saga umbreytinga.....	7
Vörður	11
Þá og nú - gallerí	11
Stafræn miðlun.....	12
Nýjar grunnsýningar	12
Viðburðir	13
List í ljósi.....	13
Lokasýning Lunga skólans, LAND.....	13
Samfélagsopnun á Búðareyrarsýningunni	14
Myndlistarsýning á Lunga-hátíðinni.....	14
Smiðjuhátíð	14
Formleg opnun sýningar í Vélsmiðjunni.....	15
Haustroði	16
Dagar myrkurs.....	16
Samstarf, fundir, ráðstefnur	17
Málþing um óápreifanlegan menningararf.....	17
Námskeið um forvörslu tækniminja	17
Alþjóðlegi safnadagurinn.....	17
Farskóli safnmanna	18
Prentverk Seyðisfjarðar	18
Rekstur og fjármál	19
Starfsmannamál.....	19
Fjármál	19
Störf stjórnar	20
Viðskiptaáætlun.....	20
Markaðssetning.....	20
Húsnæðismál.....	21
Vélsmiðjan	21
Varðveisluhúsnaði	22
Nýtt safnasvæði – Angró	22

INNGANGUR

Árið 2023 var viðburðaríkt í starfi Tækniminjasafns Austurlands.

Nýtt varðveisluhúsnæði var tekið í notkun, ný og glæsileg sýning í viðgerðri Vélsmiðju var opnuð og undirbúningur og hönnun fyrir framkvæmdir við endurreisn bryggjuhússins Angró og nýtt safnahúsnæði á nýju svæði í bænum og fjármögnun þeirra framkvæmda er vel á veg komin.

Hér á eftir er farið yfir starfsemi safnsins sem má segja að sé mjög kröftug á þriðja ári frá skriðuföllum. Er það ekki síst að þakka öflugum teymi starfsmanna og miklum velvilja og stuðningi samfélags, hins opinbera og ýmissa styrktarsjóða sem leitað hefur verið til.

Þó er mikilvægt að muna að við stöndum enn út í miðri á, eftir er mikið uppbyggingarstarf til að koma þaki yfir höfuðið á safninu á öruggum stað í bænum og tryggja að þar verði kröftugt, metnaðarfullt og fjölbreytt safnastarf. Þá er enn mikið verk óunnið er varðar skráningu og utanumhald safnkostsins.

Þetta gerist ekki nema að grunnrekstur safnsins sé áfram tryggður með aðkomu sveitarfélags og ríkis meðan á uppbyggingarfasanum stendur. Tækifærin eru hins vegar fjölmörg og er stefnan sett á að nýtt og endurreist safn verði flaggskip í austfirskri safnastarfsemi og menningartengdri ferðaþjónustu sem samfélagið allt getur verið stolt af.

SAFNKOSTUR – VARÐVEISLA, SKRÁNING, GRISJUN

Árið 2022 fékk safnið öndvegisstyrk úr safnasjóði til tveggja ári fyrir verkefnið „HEILDARÚTTEKT – grisjun og skráning safnkosts“ sem nauðsynlegt var að ráðast í eftir aurskriðurnar í desember 2020. Er það komið vel á veg en árið 2023 einkenndist af flutningi í nýtt varðveisluhúsnæði, frekari grisjun og því að byrjað var á grunnskráningu safnkostsins.

Nýtt varðveisluhúsnæði

Safnið festi kaup á nýju varðveisluhúsnæði að Strandarvegi 29-33 í árslok 2022. Um er að ræða hluta af stærri skemmu. Húsnæðið er einangrað og hitað upp með varmadælum. Að mörgu leyti mjög hentugt húsnæði fyrir safnkostinn fyrir utan það að það er á C-hættusvæði.

Samráð var haft við Safnaráð og Veðurstofuna áður en ráðist var í kaupin. Að mati Veðurstofunnar má gera ráð fyrir að á nokkurra ára fresti hlaupi í læknum sem stendur nokkuð innan við skemmuna en eftir að farvegur hans var breikkaður og breytt þá eru litlar líkur á að hlaup í læknum hafi veruleg áhrif á skemmuna. Helst er möguleiki á að þunnfljótandi leðja komi að húsinu. Þar sem að viðunandi húsnæði utan hættusvæða liggur ekki á lausu á Seyðisfirði var ákveðið að láta verða af kaupunum.

Í byrjun árs var unnið að lagfæringum á varðveisluhúsnæðinu, rafmagnið endurbætt og yfirfarið, sett var upp tankur fyrir heitt vatn, starfsmannaaðstöðu komið upp og fleira eins og nánar er greint frá síðar í skýrslunni, þar sem fjallað er um húsnæðismál safnsins.

Flutningur safnkosts

Styrkur fékkst frá Hvatasjóði Seyðisfjarðar fyrir standsetningu varðveisluhúsnæðis, ráðist var í að kaupa hillurekkar frá Ísold og þeir settir upp. Þá var safnkosturinn fluttur úr bráðabirgðageymsluhúsnæðinu sem safnið hafði haft á leigu frá skriðuföllum. Það verk var langt komið um vorið og lauk seint að hausti.

Einnig voru ritsímamunir og aðrir gripir sem voru geymdir í geymsluhúsnæðinu Meyjarskemmu einnig fluttir í nýja húsnæðið. Þeir eru í afmörkuðu rými þar sem tryggt er jafnt kjörhitastig. Aðrir viðkvæmari gripir verða einnig geymdir þar.

Skráning

Seint á haustmánuðum var hafist handa við undirbúning grunnskráningu safnkostsins. Ferlar voru mótaðir og var Lilja Árnadóttir fengin til að fylgja endanlega úr hlaði skráningu og yfirferð

safnkosts frá aurskriðu. Lilja hefur verið safninu ómetanleg aðstoð og hafsjór af þekkingu og reynslu.

Framundan er mikil vinna við skráningu og umhirðu safnkostsins. Einnig á eftir að fara í gegnum þá gripir sem merktir eru „samfélag“ – þ.e. gripir sem safnið mun ekki skrá en gætu nýst því sem leikmunir eða við fræðslustarf, eða, sé svo ekki, verði reynt að koma þeim í not annars staðar, í samræmi við grisjunar- og uppvinnsluhandbókina sem unnin var árið 2022.

Forvarsla kafarabúningsins

Áframhald var á samstarfi við Anna Worthington de Matos, forvörð og framkvæmdastýru Munasafns Reykjavíkur og Lincoln University í Bretlandi. Að þessu sinni var ráðist í forvörslu á



kafarabúningnum sem notaður var í Vélsmiðju Seyðisfjarðar þegar kanna þurfti ástand báta og véla neðarsjávar. Búningurinn stóð uppi á sýningunni í Vélsmiðjunni og var illa farinn. Árið 2022 var ástandsskráning gerð fyrir hann og forvörsluáætlun. Í ár kom frá Bretlandi forvörsluneminn Isabel Lewis. Búningurinn var fluttur á forvörsluverkstæði Þjóðminjasafns Íslands þar sem höfuð og hendur gínunnar sem í honum var voru fjarlægð, eftir röntgenmyndatöku. M.a. var gúmmíið forvarið með því að fjarlægja myglu, textíllinn hreinsaður, skór teknir af og gerð tillaga um hvernig hægt væri að sýna hann í framtíðinni. Ítarleg skýrsla var gerð um verkefnið sem geymd er í gögnum safnsins.

Viðtöl

Í söfnunarstefnu safnsins er fjallað um að munnlegum heimildum sé markvisst safnað:

Auk hefðbundinna muna leggur safnið áherslu á markvissa söfnun munnlegra heimilda er varða eftirtalda söfnunarflokka og sögu Seyðisfjarðar almennt með viðtölum, könnunum og spurningaskrá. Notast verður við viðurkennda aðferðafræði þjóðháttafns þjóðminjasafns Íslands og leitast við að koma á formlegu samstarfi við þjóðháttafnið.

Á árinu 2023 voru tekin 10 viðtöl við fólk sem hafði frá ýmsu að segja er tengdist umfjöllunarefni sýningarinnar um Búðareyri. Rætt var við þau Adolf Guðmundsson, Jóhann Sveinbjörnsson, Jóhann P. Hansson, Karl Svavarsson, Ingibjörgu Svavarsdóttur, Ólu B. Magnúsdóttur, Ólafíu Stefánsdóttur, Rúnar Loft Sveinsson og Sigurveigu Gísladóttur. Allt fólk sem hefur búið lengi á Seyðisfirði og öll nema Sigurveig, með sérstaklega sterka tengingu við Búðareyrina. Viðtölin



voru tekin upp bæði sem hljóðskrár og myndbönd. Unnið er að því að skrá þau í Sarp og er notast við þjóðháttaform gagnagrunnsins til þess. Myndböndin nýttust við sýningargerðina í Vélsmiðjunni en eru einnig mikilvæg heimild um fjölbreytta þætti í sögu Seyðisfjarðar sem mikilvægt er að fari ekki forgörðum.

Auðbjörg



Í kringum aldamótin síðustu tók Tækniminjasafnið við eikarbátnum Auðbjörgu að gjöf. Báturinn var smíðaður á Fáskrúðsfirði árið 1963 og var einn af síðustu eikarbátunum sem smíðaður var á Íslandi.

Varðveisla báta er nokkuð flókin og oft afar kostnaðarsöm, annað hvort þurfa bátar að vera geymdir innandyra eða sem sjófær skip á floti. Áætlanir safnsins voru að varðveita Auðbjörgina á floti en nýta slipp Vélsmiðjunnar til að taka bátinn upp fyrir nauðsynlegt viðhald. Gerð var ítarleg úttekt á ástandi bátarins og kostnaðaráætlun um forvörslu hans. Því miður náði safnið ekki að fylgja þeim áætlunum eftir, fjármálahrunið 2008 gjörbreytti rekstrarforsendum safnsins til hins verra. Það varð til þess að mörgum mikilvægum verkefnum var ekki hægt að sinna, þar á meðal varðveislu Auðbjargarinnar og versnaði ástand hennar með hverju árinu.

Í miklu hvassviðri sem geysaði á Seyðisfirði í september 2022 og feykti m.a. bryggjuhúsinu Angró um koll, urðu enn frekari skemmdir á bátnum og stafaði orðið af honum slysa- og fokhætta. Því var sú erfiða ákvörðun tekin nú í vor farga bátnum. Var hann fjarlægður og, fyrir utan það sem fór í brotajárn, urðaður undir snjóflóðavarnargörðunum sem verið er að reisa í neðanverðum Bjólfinum um þessar mundir.

Áður en það var gert var rætt við fyrrum eiganda bátsins sem gaf hann safninu fyrir mörgum árum.

Því miður er það svo að margir brotalamir eru þegar kemur að varðveislu báta á Íslandi og eru endalok Auðbjargarinnar ekkert einsdæmi.

SÝNINGAR OG MIÐLUN

Stór og mikilvæg kaflaskil urðu í starfi Tækniminjasafnsins þegar það gat, með nýrri sýningu í Vélsmiðjunni, opnað aftur dyr sínar fyrir gestum. Sýningin gerir starfsmönnum auk þess kleift að þróa efni til að taka á móti nemendahópum og öðru því sem telst vera mikilvægt í starfi safns sem vill skipta máli í sínu samfélagi.

Sýningin var opin frá 17. júní og til ágústloka alla daga vikunnar nema sunnudaga milli kl. 10 og 17. Í september var opnunartíminn minnkaður og var þá opið virka daga kl. 10-16. Yfir vetrarmánuðina var hún opin samkvæmt samkomulagi og á sérstökum viðburðum, s.s. Haustroða og Dögum myrkurs.

Gestir sem heimsóttu sýninguna voru vel yfir þúsund og má kalla það frábæran árangur enda var sýningin lítið markaðssett þó hún hafi verið vel kynnt. Góð viðbrögð voru við sýningunni og er nú þegar búið að bóka fjölda af hópum skemmtiferðaskipafarþega sem munu sækja sýninguna heim á komandi ári.

Búðareyri, saga umbreytinga



Sýningin, sem er í og við Vélsmiðjuna, fjallar um hina fjölbreyttu og margbreytilegu sögu mannlífs og atvinnustarfsemi á þeirri litlu landræmu sem Búðareyri á Seyðisfirði er. Umbreytingar einkenna þessa sögu sem er sýnd út frá nokkrum mismunandi þemum; höfninni, upphafi byggðarinnar, verslun og viðskiptum, Vélsmiðjunni, samskiptum og ritsímanum, hernámsárunum og að lokum náttúrufari og skriðuföllum.



Á sýningunni eru engir eiginlegir safngripir til sýnis þar sem Vélsmiðjan stendur á óverjandi hættusvæði. Í stað þess er notast við nýstárlegar miðlunarleiðir, textaspjöld og leikmuni.

Sýningin dreifist á fjögur „rými“ þar sem mismunandi þemu fá notið sín:



„**Sibería**“ – Þar er fjallað um þemun *smiðjuna*, *upphafið* og *hernámið*. Áberandi er margmiðlunarverk í formi tímalínu sem er varpað á austurgafflinn innanverðan þar sem saga Búðareyrarinnar er sögð á skemmtilegan hátt. Ljósmyndir frá svæðinu eru aðal uppistaða verksins. Þá er andlitsmyndum af „fólkinu á Búðareyri“ varpað upp. Þeim hefur verið breytt þannig að úr eru orðnar hreyfimyndir og það er eins og fólkið

sé að tala og lifni við þarna á veggnum. Í rýminu eru einnig tvö ferningslaga kör fyllt með vatni. Í öðru þeirra eru undir skjár sem sýnir ljósmyndir frá hernámsárum og myndband frá köfun niður í El Grillo. Einnig er í rýminu stór kassi fylltur af sandi og viðarmótum til að sýna fram á málmbæðsluaðferðir.

Inngangurinn – Þemun *verslun* og *viðskipti* og *sjávarútvegur* eru þar fyrirferðarmest auk afgangsluborðs, safnbúðar og *lukkuhjólaleiks* sem er þannig að þar má finna marga litla skápa merкта með ártali sem hver um sig geymir litla sögu, oft persónulega, er tengist einhverju af þemum sýningarinnar. Stórt lukkuhjól sem gestir geta snúið segir til um hvaða skáp þeir eigi að opna. Í rýminu



er einnig skjár sem festur hefur verið á gamla bakkagrind úr frystihúsinu. Á skjánum er Síldarmynd Woody og Steinu Wasulka frá árinu 1964 sýnd. Þá má finna þarna þrívíddargleraugu sem í má skoða myndir sem teknar voru af safninu og sýningum þess árið 2018, þ.e. safnið eins og það var. Mögulegt er að þessu rými verði aðeins breytt næsta vor.



Efri hæðin – Á efri hæðinni var fram á haust hæðarlínu-sandkassi sem fenginn er að láni frá Verkmenntaskóla Austurlands og gekk út á að umbreyta og skapa landslag. Þá er þar skemmtilegur leikur ásamt búðarkassa fyrir börn svo þau fái tilfinningu fyrir verslunarstarfi á Búðareyrinni áður fyrr. Einnig er fjallað um *komu ritsímans* og í litlu rými, sem

ber enn góðan keim af gömlu smiðjunni, má finna sjónvarp sem sýnir heimildamyndina „Seyðisfjörður kallar upp. Þegar nútíminn hélt innreið sína“. Æskilegt væri að ná að texta hana á ensku fyrir næsta sumar.

Útisvæðið – er staðsett á grunni elsta hluta Vélsmiðjunnar og Renniverkstæðisins sem eyðilögðust í skriðunni. Því er viðeigandi að þar er fjallað um *náttúruna á svæðinu*, umbreytingar á henni og skriðuföll, fyrr og nú. Það er gert með nokkrum textaskiltum og þá standa á svæðinu International dráttarvélin og



rennibekkurinn sem voru inn í Vélsmiðjunni en skemmdust umtalsvert í skriðunni. Einnig tvö fiskikör með gripum sem grafnir voru upp úr skriðunni, ásamt bekkjum og sætum.

Fjöldi fólks kom að sýningargerð og -uppsetningu enda er ekki hægt að koma slíku verki á koppinn án samstillts átaks og góðrar teymisvinnu:

- Handrit og hugmynd: Elfa Hlín, Katla Rut ásamt starfsfólki og hönnuðum
- Textar: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
- Hönnun: Litten Nystrøm og Haraldur Karlsson
- Margmiðlunarefni: Haraldur Karlsson
- Ljósmyndir, val og vinnsla: Zuhaitz, Elfa Hlín og Litten
- Yfirllestur og ráðgjöf: Eyrún Björk Pétursdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Julia Martin, Sigríður Matthíasdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Smári Geirsson.

- Uppsetning: Haraldur Björn Halldórsson, Elvar Már Kjartansson, Zuhaitz Akizu ásamt starfsfólki og hönnuðum.
- Upptaka og vinnsla viðtala: Katla Rut Pétursdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
- Fjármál og stjórnun: Jónína Brynjólfsdóttir
- Prentun: Bara snilld og Héraðsprent.



Reynt var að notast við og endurnýja og uppvinna eins mikið af efnivið og hægt var við sýningargerðina, keypt var notað afgangsluborð, aflagðir hlutir úr frystihúsinu nýttir við hönnun og svo mætti lengi telja.

Heimilda var leitað á ýmsum stöðum, í gögnum safnsins, nokkrum bókum sem fjölluðu m.a. um síldarárin, útvegssögu, lönsögu Austurlands svo dæmi séu tekin, viðtöl tekin við staðkunnuga og timarit.is var óþrjótandi brunnur af fróðleik og heimildum.

Ljósmyndir sem notaðar voru komu frá safninu sjálfu, Ljósmyndasafni Austurlands, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Ljósmyndasafni Akraness og Ljósmyndasafni Íslands.

Ætlunin er að sýningin standi þar til að nýtt safnahúsnæði verður tekið í notkun á úthlutaðri lóð safnsins á Lónsleirunni, vonandi innan fárra ára.

Vörður

VÖRÐURNAR sem framleiddar voru í samstarfi við Irma studio árið áður voru settar upp á vormánuðum. Þær eru staðsettar í Hafnargarðinum á móti ferjuhúsinu, á Framhús lóðinni og tvær þeirra eru við Vélsmiðjuna. Fyrirhugað er að önnur þeirra fái nýja staðsetningu á næsta ári. Vörðurnar mynda gönguleið frá ferjuhúsinu út að Vélsmiðju þar sem vissum þáttum úr óápreifanlegum menningararfi seyðsfirks samfélags er miðlað.



Á vörðunum eru upplýsingaskilti sem fjalla um daglegt líf á Seyðisfirði út frá fjórum þemum; náttúrunni, samfélagi, árstíðum og æskunni. Þá eru oftast á þeim QR kóðar með frekari upplýsingum eða stafrænni miðlun, fljótandi sólarpönnukökum eða perlum. Einnig er búið að búa til nokkurs konar veðurhana sem settir verða á þær næsta vor.

Litten Nystrøm og Haraldur Karlsson hönnuðu skiltin og viðbætur við vörðurnar í samstarfi við starfsfólk safnsins.

Þá og nú - gallerí

Í útigalleríinu á framtíðarlóð safnsins stóð áfram ljósmyndasýningin *The Landslide Project*, samstarfsverkefni safnsins og Ströndin Studio. Hún segir persónulegar sögur fólks sem varð fyrir margvíslegum áhrifum af skriðuföllunum 2020. Ljósmyndirnar tóku þau Katja Goljat og Matjaž Ružt. Staðsetning sýningarinnar við ferjuhöfnina gerir það að verkum að tugir þúsunda hafa skoðað hana á þeim tíma sem hún hefur staðið uppi.



Stafræn miðlun

Áfram var lögð áhersla á stafræna miðlun. Voru samfélagsmiðlarnir Facebook og Instagram nýttir til þess auk heimasíðunnar.

Heimasíðan www.tekmus.is var snurfusuð og lagfærð eftir þörfum, eins og oft er nauðsynlegt þegar nýjar síður eru settar í loftið. Áhersla er á að þar birtist fréttir en á síðunni megi nálgast fróðleik og miðlun er tengjast starfssviði safnsins. Endalaust má vinna að betrumbættum á henni enda skemmtilegur miðill.

Rúmlega 2000 manns fylgja Facebook síðu safnsins og um 700 manns Instagramminu. Þetta er fólk af öllu landinu sem og erlendis frá. Það er því mikilvægt að halda þessum vettvangi til miðlunar virkum og áhugaverðum.

Styrkur fékkst frá safnasjóði til að gera rafræna útgáfu Búðareyrarsýningarinnar sem birt verður á heimasíðu safnsins fljótlega eftir áramót, en undirbúningur að því verki hófst í árslok 2023.

Nýjar grunnsýningar

Safnið fékk styrk á árinu frá Safnasjóði til að hefja vinnu við undirbúning að nýjum grunnsýningum sem verða í húsnæðinu sem byggt verður á nýrri lóð safnsins á Lónsleiru. Þá vinnu þarf að vinna í góðu samtali við mismunandi aðila. Vinna við nýjar grunnsýningar helst í hendur við þá vinnu sem nú þegar hefur verið unnin við nýja stefnu og því ljóst að umtalsverður efniviður og umfjöllunarefni eru okkur tæk við uppsetningu nýrra grunnsýninga.

Undirbúningur að þessari vinnu hófst í ársloka en áætlanir gera ráð fyrir að mikill kraftur verði settur í þessa vinnu á árinu 2024.

VIÐBURÐIR

List í ljósi



Eins og vanin er var ljósalistahátíðin *List í ljósi* haldin á Seyðisfirði í febrúar, til að fagna komu sólarinnar eftir nær fjögurra mánaða fjarveru. Annað árið í röð tók safnið þátt, nú með litlu verki á gafli Vélsmiðjunnar sem nefndist *Spor/Footprints*. Innblásturinn að því var fenginn úr þeirri sögn að þegar fyrsta rafmagnsútljós bæjarins var sett upp á Vélsmiðjuna upp úr 1910 þá hafi unga fólk

innar í bænum oft róið á litlum bát út á Búðareyri til að skoða þetta mikla tækniundur.

Á gafli Vélsmiðjunnar var sett upp gamaldagsútljós með flöktandi peru og lítil endurgerð af bátsskut þar fyrir framan.

Lokasýning Lunga skólans, LAND

Fyrsti hópurinn í nýrri námsbraut Lunga skólans, Land, hélt lokasýningu sína í Vélsmiðjunni í febrúar. Þar buðu nemendur bæjarbúum á sýningu þar sem áhugasamir gátu séð og fræðst um afrakstur námsbrautarinnar.

Mörg skemmtileg verk og verkefni mátti sjá á sýningunni í Vélsmiðjunni.



Samfélagsopnun á Búðareyrarsýningunni

Þann 17. júní var samfélagsopnun á nýrri sýningu Tækniminjasafnsins *Búðareyri – Saga umbreytinga* í Vélsmiðjunni. Var það einstaklega gleðilegur viðburður sem rúmlega 200 manns sóttu í einstöku blíðskaparveðri og ljóst að samfélagið á Seyðisfirði tekur opnuninni með fögnuði sem undirstrikar mikilvægi safnsins fyrir samfélagið.



Myndlístarsýning á Lunga-hátíðinni



Á Lunga-hátíðinni 10. – 16. júlí var efri hæð Vélsmiðjunnar tekin undir myndlístarsýninguna *Tender raptures: let them guide you* þar sem myndlistarfólkið Ra Tack, Bea Xu og Venus Jasper áttu verk. Sýningarstjóri vor Katerína Spathi.

Er það stefna safnsins að efri hæð Vélsmiðjunnar geti einmitt nýst undir mismunandi viðburði og jafnvel tímabundnar sýningar eins og reyndin var þarna.

Smiðjuhátíð

Ákveðið var að í ár yrði ekki haldin Smiðjuhátíð, var það gert í ljósi mikils vinnuálags á starfsfólk í aðdraganda sýningaropunarinnar í Vélsmiðjunni auk þess sem starfsfólk telur rétt að endurskoða og -hugsa Smiðjuhátíðina í ljósi breyttrar stöðu safnsins.

Formleg opnun sýningar í Vélsmiðjunni



Þann 30. ágúst 2023 var formleg opnun í Vélsmiðjunni á sýningunni „Búðareyri, saga umbreytinga“. Ráðherra menningar og viðskipta, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, flutti ávarp og sveitarstjóri Múlapings, Björn Ingimarsson, afhenti formlega safninu bryggjuhúsið Angró til endurbyggingar á Lónsleiru. Arkitektarnir Ásta Birna Árnadóttir og Hildur Gunnlaugsdóttir kynntu gestum stöðuna á hönnun á húsinu og nýju safnasvæði auk þess sem safnstjórategymið Elfa Hlín og Jónína héldu stutta tölu í tilefni af þeim stóra áfanga í endurreisn safnsins sem sýningaropnunin vissulega er. Í boði voru léttar veitingar og Torvald Gjerde sá til þess að ljúfir harmonikkutónar ómuðu um salarkynni.

Í ávarpi sínu sagði Lilja:

Sýningin markar kaflaskil í starfsemi safnsins, en um er að ræða fyrstu sýningu safnsins eftir skriðurnar sem féllu í firðinum og ullu safninu miklu tjóni. Það hefur verið unnið

þrekvirki í því að vinna úr því áfalli og í dag er framtíð Tækniminjasafnsins björt, markmiðin skýr og metnaðurinn mikill

Gestir á opnunni voru í kringum 80 og var stemmningin hátíðlega og góð.

Haustroði



Hanna Christel Sigurkarlsdóttir bauð, í samstarfi við safnið, upp á myndlistartengda smiðju fyrir börn og aðra á aldrinum 5-10 ára á Haustroða, 7. október. Smiðjan var haldin á efri hæðinni í Vélsmiðjunni, rými sem stefnt er að því að geti nýst undir fjölbreytta starfsemi.

Viðfangsefni barnanna voru tréformin sem notuð voru við málmsteypu. Þau fræddust um notkun og sögu gripanna og skoðuðu smiðjuna með þeim augum. Þá völdu þau sér form, teiknuðu í kringum þau og klipptu út skapalón sem síðan voru notuð til að endurgera formin, en úr sjálfharðnandi leir. Tveimur vikum seinna komu þau og máluðu formin sín og var svo búinn til úr þeim órói. Þátttakendur voru 12 og virtust skemmta sér vel. Var það gleðileg stund þegar fyrsta „safnfræðsluverkefnið“ eftir skriðuföll raungerðist loks.



Dagar myrkurs

Á Dögum myrkurs var áætlað að hin árlega Afturganga yrði gengin frá Vélsmiðjunni um myrkvaðan bæinn með luktir og ljós en vegna slagveðurs var dagskráin færð inn í Vélsmiðjuna. Þar fræddust við um rafmagnið og beislun þess úr vatnsafli, Snorri Emilsson frá Leikfélagi Seyðisfjarðar las upp draugasögu og nemendur í Lungaskólanum buðu viðstöddum að taka þátt með sér í hljóðgjörningi.

SAMSTARF, FUNDIR, RÁÐSTEFNUR

Málþing um óáþreifanlegan menningararf

Á málþingi sem haldið var í Þjóðminjasafninu þann 13. apríl, í samstarfi safnsins og Árnastofnunar hélt Elfa Hlín stutt erindi í gegnum fjarfundabúnað þar sem hún kynnti verkefnið/verkfærið *Spunahjól lifandi hefða*. Um er að ræða finnskt frumkvæði sem þróað var undir hatti fjölpjódlegs verkefnis sem heitir LIVIND og Tækniminjasafnið tekur þátt í. Safnið íslenskaði spunahjólið og má nálgast það á heimasíðu safnsins, til útprentunar. Um er að ræða skemmtilegt verkfæri sem er ætlað að hvetja notendur (nemendur) til samræðna um einhverja tiltekna hefð sem fellur undir óáþreifanlegan menningararf og tengsl hennar við sjálfbæra þróun.

Spunahjól lifandi hefða

Þetta verkfæri var þróað sem hluti af verkefniinu „LIVIND – Creative and living cultural heritage as a resource for the Northern Dimension region“.
Prentið á þykkan pappír, klippið við punktalínuna og setjið splíttinn í miðjuna.



Námskeið um forvörslu tækniminja

Þeir Haraldur Björn og Zuhaitz sóttu námskeið um forvörslu tækniminja sem Íslandsdeild Félags norræna forvarða stóð fyrir í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur dagana 25. til 27. apríl. Leiðbeinandi var Chris Knapp, sérhæfður forvörður er kemur að varðveislu tækniminja. Þátttakendur hlustuðu á fyrirlestra, unnu verkefni og heimsóttu m.a. varðskipið Óðinn og gufuvaltarann Bríeti og eimreiðina Árbæjarsafni.

Alþjóðlegi safnadagurinn

Í tengslum við Alþjóðlega safnadaginn 18. maí og yfirskrift hans þetta árið, héldu Íslandsdeild ICOM og FÍSOS (fagfélög safnafólks á Íslandi) málþing þann 16. maí í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins sem kallaðist *Söfn, sjálfbærni og vellíðan*

Tækniminjasafninu var boðið að koma og halda erindi þar sem fjallað var um grisjunar- og uppvinnsluáætlun safnsins. Elfa Hlín hélt erindið fyrir hönd safnsins. Málþingið var um margt áhugavert og hugvekjandi og varpaði ljósi á það fjölbreytta og metnaðarfulla starf sem unnið er á íslenskum söfnum.

Farskóli safnmanna



Hinn árlegi farskóli safnmanna var þetta árið haldinn í Hollandi. Frá Tækniminjasafninu settust á skólabeck þau Jónína, Halli og Elfa Hlín og er óhætt að segja að það hafi verið afar gefandi og skemmtileg ferð þar sem starfsfólk safnsins sankaði að sér upplýsingum og hugmyndum sem nýtast við framtíðaruppbygginguna sem framundan er.

Prentverk Seyðisfjarðar

Tækniminjasafnið er hluti af hópi austfirskra menningarstofnana og einstaklinga sem stýrir og rekur hið nýja prentverkstæði að Öldugötu 14. Enn er verkefnið á vissu þróunarstigi en býður upp á marga möguleika. Verkstæðið var nýtt til að prenta hluta af sýningartextum fyrir sýninguna *Búðareyri – saga umbreytinga*.

REKSTUR OG FJÁRMÁL

Starfsmannamál

- Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir og Jónína Brynjólfsdóttir deildu áfram safnstjórástöðunni, hvor um sig í hálfu starfi.
- Katla Rut Pétursdóttir var í 100% starfi en fór í leyfi um mitt ár. Hennar starf er að mestu fólgið í viðburðahaldi, sýningaruppsetningum, markaðsmálum og umsjón með samfélagsmiðlum og heimasíðu.
- Haraldur Björn Halldórsson kom inn í fast 100 % starf um mitt ár. Hann ber ábyrgð á safnkostinum, vann við endurbætur á varðveisluhúsnæðinu, endurbætur á Vélsmiðjunni, sýningaruppsetningu og sýningarvörslu svo fátt eitt sé nefnt.
- Zuhaitz Akizu sagði föstu starfi sínu lausu um mitt ár, en mun áfram vinna við safnið hluta úr ári. Hann vann við flutning safnkosts, uppsetningu sýningar og sýningarvörslu svo dæmi sé tekið.
- Ívar Björnsson var í tímavinnu fram á vor, hans helstu verkefni voru varðandi endurbætur á nýja varðveisluhúsnæðinu og flutning safnkostsins þangað.
- Søren Bjørnshave Taul kom til starfa á safninu á haustdögum vegna vinnu við endurgerð Angró.
- Elvar Már Kjartansson vann sem verktaki við Angró og viðgerðir á Vélsmiðjunni.
- Auk þess var vinna verktaka keypt eftir því sem verkefni, aðstæður og fjárráð leyfðu.

Fjármál

Á árinu 2023 fengust til rekstrar um 25 milljónir sem skiptust þannig að eftir beiðni til fjárlaganefndar fengust á fjárlögum 15 milljónir króna og 10 milljónir frá Múlapingi. Styrkjafé var stíft sótt og fengust eftirfarandi styrkir á árinu, alls 18,5 milljónir sem nýttir voru til að standa straum af þeim verkefnum sem þeir voru eyrnamerkir fyrir:

- Safnasjóður, öndvegisstyrkur til tveggja ára, seinna ár. Fimm milljónir til úttektar, grisjunar og skráningu safngripa.
- Safnasjóður, verkefnisstyrkur, Búðareyrarsýningin, 2,0 milljónir.
- Safnasjóðir, verkefnisstyrkur, frumhönnun nýrrar grunnsýningar á Lónsleiru, 1 milljón.
- Safnasjóður, verkefnisstyrkur, forvarsla kafarabúnings, 800 þúsund.
- Safnasjóður, aukaúthlutun 2022, styrkur vegna stafrænna kynningarmála (rafræn útgáfa Búðareyrarsýningarinnar), 300 þúsund.
- Safnasjóður, aukaúthlutun 2022, símenntun, farskóli 2023, 300 þúsund.
- Uppbyggingarsjóður Austurlands, viðskiptaáætlun, 750 þúsund.

- Uppbyggingarsjóður Austurlands, Búðareyrarsýningin, 1,9 milljón.
- Hvatasjóður Seyðisfjarðar, markaðssetning skemmtiferðaskipa, 1 milljón.
- Hvatasjóður Seyðisfjarðar, standsetning varðveisluhúsnaðis, 2 milljónir.
- Húsafríðunarsjóður, Vélsmiðjan, múrviðgerðir og málning (fór í dren og lagfæringar á ytra byrði), 2 milljónir.
- Menningarstýrkur Múlapings, 250 þúsund, fyrir lukkuhjóls hluta Búðareyrarsýningarinnar.
- Síldarvinnslan, 1,2 milljónir, vinna við útisvæðið við Vélsmiðjuna.

Í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fékk safnið einnig 19 milljóna styrk til hönnunar nýs safnasvæðis árið 2022 sem fluttist að mestu yfir á 2023.

Það er rétt að endurtaka eftirfarandi málsgrein úr árskýrslunni 2022:

Mikilvægt er að benda á að þó að tekjuflæðið hafi verið meira en oft áður á safninu þá á það sama við um gjaldahliðina, eftirköst þess að safn lendi í hamfaraskriðu eru kostnaðarsöm og öll uppbygging í kjölfarið jafnframt.

Safnið þarf hendur til uppbyggingar, með öðru móti er ekki hægt að opna að nýju.

Störf stjórnar

Stjórn er skipuð þeim Skúla Vignisson, formaður, Bjarka Borgþórsson f.h. Múlapings og til vara þær Tinna Guðmundsdóttir og Oddný Björk Daníelsdóttir. Fyrir hönd Afís starfsgreinafélags er Ingirafn Steinarsson. Haldnir voru reglulegir starfsmannafundir á árinu.

Viðskiptaáætlun

Eins og áður segir fékk safnið styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands til gerðar viðskiptaáætlunar. Haft var samband við Háskólann á Bifröst og nemandi í menningarstjórnun, Heimir Freyr Hlökkversson, vann verkefnið sem hluti af námi sínu. Afraksturinn er greinargóð samantekt á stöðu safnsins og möguleikum þegar endurreisn þess verður lokið, mögulegum kostnaði við gerð nýrra grunnsýninga, markaðsgreining o.fl. Áætlunin er lifandi plagg sem nauðsynlegt er að breyta og aðlaga eftir stöðu mála og nýjum eða breyttum forsendum.



Markaðssetning

Á Seyðisfjörð koma árlega fleiri en 100 skemmtiferðaskip. Á þessu ári komu rúmlega 95 þúsund farþegar og 48 þúsund áhafnar meðlimir í 114 skipakomum. Miklir tekjumöguleikar felast í því að fá hluta þessara farþega sem borgandi gesti á

safnið. Safnið fékk styrk úr Hvatasjóði Seyðisfjarðar til að fara í markvissa markaðssetningu og er stendur til að vinna markaðsefni í vetur auk þess sem fulltrúar safnsins munu sækja Mannamót Markaðsstofur landshlutanna halda árlega ferðakaupstefnu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem landsbyggðarfyrirtæki í ferðapjónustu fá tækifæri til að kynna sína þjónustu og vöruframboð fyrir ferðapjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.

HÚSNÆÐISMÁL

Vélsmiðjan

Áfram var unnið að endurbótum á Vélsmiðjunni.

- Dren var sett fjallsmeginn í húsið sem var mikilvægt þar sem skriðan lá upp að þeirri hlið.
- Raflagnir voru endurnýjaðar innanhúss.
- Efri hæðin var tæmd og lagfæringar gerðar á henni til að hún gæti nýst sem fjölnota sýningarrými.



- Lokað var upp á þriðju hæð og hún einangruð.
- Útisvæðið var lagað.
- Rampað-upp verkefnið kom á Austurland og fékkst frá þeim styrkur fyrir uppsetningu ramps við innganginn.
- Aðgengi fatlaðra að salerni var bætt.
- Lítil eldhúsinnrétting/kaffihorn starfsmanna sett upp undir stiganum á jarðhæð. Framundan eru viðgerðir á þaki til að fyrirbyggja leka sem enn er viðvarandi í húsinu.

Varðveisluhúsnæði



Eins og áður segir keypti safnið húsnæði sem mun nýtast fyrir varðveislunni safnkostsins. Ráðast þurfti í lágmarksendurbætur áður en hann var fluttur í húsið:

- Starfsmannaáðstöðu var komið upp, sett upp notuð eldhúsinnrétting sem fékkst gefins.
- Hitavatnaskútur settur upp.
- Vinnuáðstöðu komið upp.
- Farið var yfir raflagnir og þær endurnýjaðar/lagfærðar eftir þörfum.
- Ledvæðing ljósa hófst.
- Innréttingar/rekkar voru settir upp.

Nýtt safnasvæði - Angró

Á árinu var unnið að hönnun vegna endurbyggingar Angró og nýbyggingu sem skal vera áföst við það. Arkitektastofurnar Arkibbygg, Gingi Teiknistofa og Stúdíó Jæja ásamt verkfræðistofunni Verkráð voru fengnar til verksins. Að mörgu er að hyggja í þessu ferli, að tryggja að Angró verði byggt þannig að það verði trútt upphaflega húsinu en um leið uppfylla skilyrði um burðarþol, brunavarnir og einangrun t.a.m. Um leið þarf að tryggja að halda kostnaði við byggingarframkvæmdir í lágmarki.



Sveitarfélagið vann að endurnýjun á deiliskipulagi á þessum hluta bæjarins og féll nýtt safnasvæði þar undir.

Til stendur að gera samning við Múlaping og Minjastofnum um endurbyggingu Angró og mun ríkið koma að þeirri endurbyggingu með styrkveitingu upp á 150 milljónir.